

Heimavistarreglur Menntaskólans á Ísafirði

I. Stjórn heimavistar

1. Skólameistari fer með yfirstjórn heimavistar og setur vistarreglur. Hann ræður starfsmenn til að fara með daglega stjórn og umsjón vistarinnar.
2. Vistarbúar kjósa á almennum vistarbúafundi vistraráð og/eða einn fulltrúa/trúnaðarmann úr sínum hópi sem annast málefni nemenda og er fulltrúi þeirra gagnvart vistarverði og skólameistara.
3. Almenna vistarbúafundi skal boða með sólarhrings fyrirvara með auglýsingum í heimavist, svo oft sem þörf krefur, þó ekki sjaldnar en við upphaf hverrar annar.

II. Almennar reglur

1. Ganga skal vel um húsakynni og lóð heimavistar.
2. Húsakynni heimavistar skulu vera læst allan sólarhringinn, en hver vistarbúi fær lykil að herbergi sínu og útidyrhurð. Greiða skal lykilgjald við móttöku lykils sem endurgreitt verður þegar lykli er skilað, svo fremi að herbergi sé í viðunandi ástandi. Herbergisbúi bæti skemmdir í herbergi sínu, og heimilt er að krefja íbúana í heild um greiðslu fyrir skemmdir í sameiginlegu rými, enda verði ekki upplýst hver hafi valdið þeim.
3. Á tímabilinu 23:30 til 07:00 skal vera næði á heimavist, bæði á herbergjum og á göngum. Þyki hætta á ófriði, einkum um helgar, verður næturlæsing sett á aðaldyr, og verður þá að jafnaði höfð einhvers konar dyravarsla.
4. Neysla og geymsla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er með öllu óheimil svo og allt ónæði af þeirra völdum.
5. Íbúum heimavistar er skylt að taka þátt í mótuneyti og fara eftir mótuneytisreglum.
6. Vistarverðir og skólameistari eiga hvenær sem er aðgang að herbergjum til eftirlits. Gert er ráð fyrir að ástand herbergja verði kannað reglulega. Vistarbúar mega ekki skipta um herbergi án leyfis.
7. Óheimilt er að færa húsgögn úr herbergjum fram á ganga, eða koma með eigin húsgögn inn í herbergi heimavistar.
8. Heimavistarbúar eru ábyrgir fyrir því að gestir þeirra fari eftir þessum reglum. Eftir kl. 23:00 er engum utanaðkomandi heimilt að vera á vistinni, nema til hafi komið sérstakt leyfi vistarvarðar eða skólameistara og viðkomandi vistarbúi hafi með skýrum hætti tekið ábyrgð á gesti sínum.

III. Reglur um þrif og umgengi.

1. Vistarbúar sjá um þrif á herbergjum sínum og sameiginlegu rými, m.a. ísskápum. Rusl skal setja í sorpgeymslu um op í kjallaragangi.
2. Hreingerning herbergja skal að jafnaði fara fram eftir skóla á föstudögum, og oftast ef þörf er á.
3. Öll matseld á íbúðargöngum er óheimil og meðferð matvæla skal einskorðast við borðsal mótuneytis.
4. Nota skal límleir ef festar eru upp myndir, veggspjöld eða því um líkt á veggum í herbergjum.
5. Ekki má ganga um heimavist á útiskóm.
6. Heimavistarbúum er bent á að skilja aldrei eftir verðmæti í ólæstum herbergjum. Þeir hafa lykla að herbergjum sínum og teljast því bera á ábyrgð á því sem þar er geymt.

IV. Viðurlög við brotum á heimavistarreglum.

1. Við fyrsta brot sætir nemandi skriflegri áminningu. Endurtekið brot varðar brottrekstri í viku. Við þriðja brot er nemandi vikið af heimavist það sem eftir er af skólaárinu.
2. Sé brot svo alvarlegt að mati vistarvarðar og skólameistara að það varði hag allra vistarbúa og jafnvel gerandans sjálfs, er heimilt að vísa viðkomandi strax af heimavist, þó að ekki sé um endurtekið brot að ræða og ekki hafi verið veitt skriflega áminning.